

EFTIRLITSSKÝRSLA

Alur Helguvík



Dags eftirlits	26.9.2013	Fulltrúi UST	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Alur	Fulltrúi UST	Ásgeir Björnsson
Heimili	Borgartúni 26	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	5903982099	Flokkur	Ál
Fulltrúi fyrirtækis	Þorsteinn Adamsson	ÍSAT nr.	27.42 Álvinnsla
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu komu ekki fram ný frávik frá starfsleyfi en eldra frávik frá árinu 2012 varðandi meðhöndlun gjallsands er enn í eftirfylgni hjá UST.

Tvær athugasemdir voru gerðar við starfsemina vegna úrgangsskráninga, að öryggisblöð um hráefni lágu ekki fyrir þegar eftirlit fór fram.

UMFANG EFTIRLITS

Í eftirlitinu var byrjað á að fara yfir ákvæði í starfsleyfi.

Minnt var á ákvæði í gr 1.6 í starfsleyfi um að tilkynna skuli til UST um gangsetningu hafi starfsemin legið niður í mánuð eða meira. Ekki hafa borist tilkynningar til UST um gangsetningu á árinu.

Litið var á öryggisblöð um hráefni frá RioTinto Alcan og um gjallsand eftir vinnslu en öryggisblöð vantar um hráefni frá Norðuráli.

Rætt var um skráningu álinnihalds sem er reiknað út frá vigtun hráefnisins fyrir vinnslu og þess áls sem vinnst úr því. Ofninn er keyrður á skipagasolíu og hreinu súrefni. Olían er geymd í oliutanki í lekavarnarþró og súrefnistankur á steypu plani við enda verksmiðjunnar. Olíugildir voru tæmdar síðastliðið sumar.

Ekkert frárennsli liggur frá verksmiðjunni þar sem að um þurrframeiðslu er að ræða (í lokuðu rými).

Farið var yfir gagnaskil.

Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar barst UST 24. september sl. og hefur verið samþykkt.

Útblástursmælingar sbr gr. 3.1 í starfsleyfi bárust UST þann 16.júlí sl en skal skilað fyrir 1.júlí ár hvert. Niðurstöður útblástursmælinganna voru innan losunarmarka.

Grænu bókhaldi var skilað 30.apríl og lagfærð útgáfa af útstreymisbókhaldi 25.september sl.

Þá var rætt um vöktunarkerfi og vöktunaráætlun.

Tillaga að vöktunarkerfi barst UST 25.september 2013 og hefur verið samþykkt.

Mælingar í sjó og jarðvegi voru gerðar í sumar í samræmi við samþykktu vöktunaráætlun. Niðurstöður þeirra bárust 27.september sl. en beðið er eftir niðurstöðum á samanburðarsýni við Garðskaga.

Farið var yfir úrgangsmál.

Helsti úrgangur frá verksmiðjunni eru steypumót og stálkör sem send eru til Hringrásar og gjallsandurinn sem nú er geymdur í Helguvík. Á þessu ári hefur engin sending farið til Hringrásar.

Fjallað var um útstandandi frávik varðandi meðhöndlun gjallsands. Í eftirlitinu kom fram að tæp 2500 tonn af gjallsandi er nú í haug við skolgryfjur í Helguvík. Útskolunarpróf sýna að sjóvaskaður gjallsandur standist ekki útskolunarpróf fyrir óvirkan úrgang sbr. reglugerð 738/2003 um meðhöndlun úrgangs og því sé ekki heimilt að koma honum fyrir á hafsbotni eða annars konar landmótun. Málinu verður fylgt eftir í tengslum við eftirfylgni frá 2012.

Að lokum var minnt á ákvæði í grein 4.9 í starfsleyfi um árlegan samráðsfund en hann var síðast haldinn 2.október á síðasta ári (2012). Rekstraraðila ber því að boða til samráðsfundar fyrir árslok 2013.

Frávik frá

Reglugerð nr. 738/2003 um meðhöndlun úrgangs

Lýsing á fráviki

Sjóvaskaður gjallsandur stenst ekki mörk fyrir óvirkan úrgang sbr. reglugerð 738/2003 og er því óhæfur til notkunar í landmótun nema að

til komi frekari rökstuðningur fyrir því að slík meðferð hafi ekki í för með sér óæskileg áhrif á umhverfið.

ATHUGASEMDIR

Skráningar á úrgangi er ábótavant en hann á að skrá í samræmi við reglugerð 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.

Öryggisblöð um hráefni lágu ekki fyrir þegar eftirlitið fór fram en hefur nú verið skilað.

ANNAÐ

Niðurstöður útblástursmælinga ber að skila fyrir 1.júlí árlega sbr. gr. 3.1 í starfsleyfi en bárust stofnuninni 16.júlí sl. Mikilvægt er að skilafrestir séu virtir.

Reykjavík, 24.10.2013



Halla Einarsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.